



FANGELISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Samfélagsþjónusta í stað vararefsingar:

Hvað er samfélagsþjónusta?

Samfélagsþjónusta felur í sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem kemur í stað afplánunar í fangelsi. Starfið er unnið utan vinnutíma dómpola og getur hann því stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustu stendur og verið virkur þjóðfélagsþeign. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð en þó aldrei meira en einn fimmstí hluti hennar.

Hverjir geta óskað eftir samfélagsþjónustu?

Hafi innheimtuaðili ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu fésektar, er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu þegar fésekt er 100.000 kr.- eða hærri, minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir. Hafi sektarþoli fengið fimm sektir eða fleiri verður vararefsing ekki að jafnaði fullnustuð með samfélagsþjónustu. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum getur sektarþoli sótt um samfélagsþjónustu á meðfylgjandi eyðublaði. Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álíta eru að umsækjandi eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Ennfremur að hann afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Hvar og hvenær á að sækja um samfélagsþjónustu?

Umsóknum skal skila til innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar, sýslumanninum á Norðurlandi vestra, Blönduósi, ekki síðar en sjö dögum eftir að umsækjanda barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar samkvæmt ákvörðun innheimtuaðila.

Innheimtuaðli framsendir Fangelsismálastofnun beiðni um samfélagsþjónustu til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni. Afplánun vararefsingar freastast þar til ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta afplánað með samfélagsþjónustu?

Skilyrði þess að samfélagsþjónustu komi til álíta eru m.a. að almannahagsmunir mæli ekki gegn því, að dómpoli hafi óskað eftir því skriflega við innheimtuaðila eigi síðar en viku áður en hann átti að hefja afplánun í fangelsi, að hann eigi ekki til meðferðar mál hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, að hann teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og að hann sé ekki í afplánun.

Hvernig er staðið að undirbúningi að samfélagsþjónustu?

Ef umsókn um samfélagsþjónustu er samþykkt er umsækjanda birt samfélagsþjónustuskírteini þar sem fram kemur klukkustundafjöldi samfélagsþjónustu, hvar og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi. Þá koma ennfremur fram þau skilyrði sem viðkomandi þarf að standast en þau eru helst að viðkomandi gerist ekki brotlegur, neytí hvorki áfengis né deyfilyfja, vinni á tilsettum tíma og tilkynni án undandráttar veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki mætt til vinnu. Jafnframt kemur fram hverju það varði ef skilyrði þessi eru rofin. Dómpoli gengst undir framangreind skilyrði með undirritun sinni. Starfsmaður Fangelsismálastofnunar fer alla jafna með dómpola á vinnustað í fyrsta sinn. Í kjölfarið er haft eftirlit með honum, m.a. með heimsóknum á vinnustað og viðtölum við umsjónarmann, en sá síðarnefndi sér um að leiðbeina viðkomandi og fylgjast með ástundun hans.

Hvers konar störf er um að ræða?

Aðallega er um að ræða líknar- og félagsstörf hjá félaga- og góðgerðarsamtökum. Störfin felast mest megnis í þrifum og viðhaldi. Val á vinnustað fer eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda að mati Fangelsismálastofnunar.

Hvenær er starfið unnið?

Starfið er ýmist unnið á hefðbundnum vinnutíma eða á kvöldin og um helgar. Starfstími er frá 40 klst. og dreifist á 2 - 14 mánuði.

Hvað gerist ef menn rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu?

Ef dómpoli í samfélagsþjónustu rýfur skilyrðin sem voru sett, t.d. með því að sinna ekki vinnuskyldu sinni, vegna óreglu eða ef hann er kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað getur hann þurft að afplána eftirstöðvar refsingarinnar/anna í fangelsi. Ákvarðanir þessar eru tilkynntar viðkomandi skriflega.

Aðrar upplýsingar

Hægt er að fá nánari upplýsingar um skilyrði og fyrirkomulag samfélagsþjónustu hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra, sími 458-2500 og á vefsíðu Fangelsismálastofnunar ríkisins www.fangelsi.is.